



norden

Norræna ráðherranefndin

Norðurlönd – einn vinnustaður, einn heimamarkaður

Greinargerð um afnám landamærahindrana eftir Poul Schlüter,
sérlegan fulltrúa samstarfsráðherranna, 2005



Efnisyfirlit

Formáli	3
Efld upplýsingamiðlun og samræming aðgerða	6
Opinn og sveigjanlegur vinnumarkaður	9
Afnám landamærahindrana á sviði skatta í þágu íbúa og fyrirtækja á Norðurlöndum	11
Menntamál	13
Félags- og heilbrigðissviðið	16
Stefna norrænu atvinnumálaráðherranna að afnema landamærahindranir	19
Landamærahindranir í atvinnulífinu	22
Matvælasviðið	25
Svæðisbundnar landamærahindranir	26
Tungumálasamstarfið	28

Norðurlönd– einn vinnustaður, einn heimamarkaður
Greinargerð um afnám landamærahindrana eftir Poul Schlüter,
sérlegan fulltrúa samstarfsráðherranna, 2005

ANP 2005:775
© Nordisk Ministerråd,
København 2005
ISBN 92-893-1233-5


Ritið má panta á www.norden.org/order.
Fleiri rit eru á www.norden.org/publikationer

Norræna ráðherranefndin	Norðurlandaráð
Store Strandstræde 18	Store Strandstræde 18
DK-1255 Kaupmannahöfn K	DK-1255 Kaupmannahöfn K
Sími (+45) 3396 0200	Sími (+45) 3396 0400
Bréfasími (+45) 3396 0202	Bréfasími (+45) 3311 1870

www.norden.org



Formáli



Viðleitni Norrænu ráðherranefndarinnar að afnema landamærahindranir fékk byr undir báða vængi árið 2003 í formennskutíð Svía sem gerðu samþættingu norrænu landanna að einu af forgangsmálunum í pólitísku starfi. Við það tækifæri var ég skipaður sérlegur fulltrúi af hálfu forystu ráðherranefndarinnar til að fjarlægja landamærahindranir milli norrænu landanna. Það er mikilvægt bæði fyrir norræna alþýðu og norrænt athafnalíf og þess vegna hikaði ég ekki við að taka þetta verkefni að mér.

Ég þurfti heldur ekki að hugsa mig tvisvar um þegar Íslendingar í formennskutíð sinni árið 2004 og Danir á eftir þeim báðu mig um að halda starfinu áfram út árið 2005. Því að það hefur mikla þýðingu að skapa norrænt svæði sem er laust við landamæri, þar sem íbúarnir rekast ekki á hindranir milli landanna og fyrirtæki geta starfað án takmarkana.

Við höfum víða náð góðum árangri af því að minnka óþægindin fyrir þá tiltölulega mörgu sem kjósa að búa og starfa þvert á norræn landamæri.

Í ár hefur einkum upplýsingagjöf til almennings og fyrirtækja verið aukin. Það er mjög til bóta því að oft er það skortur á fullnægjandi upplýsingum um sóknarfæri og skilyrði sem hamlar eða truflar starfsemi og samskipti milli ríkja Norðurlandanna. Þess vegna hefur verið gripið til ýmissa úrræða til að auka upplýsingagjöfina – sjá nánar heimasíðu norrænu upplýsingaveitunnar Halló Norðurlönd www.hallonorden.org.

Nýr og einstakur norrænn skattavefur

Mörgum reynist erfitt að átta sig á stöðu sinni hvað varðar skatta þegar þeir flytja milli landa Norðurlandanna. En það er ljós í myrkrinu. Á fundi norrænu fjármálaráðherranna í Kaupmannahöfn í maí 2005 var hinn svokallaði skattavefur (skatteportal) settur á laggirnar. Markmiðið með honum er að auðvelda norrænum borgurum að fá svör við spurningum um skattamál. Allar upplýsingar eru á öllum norrænu tungumálunum auk ensku. Með því að reglurnar og löggjöfin í norrænu ríkjunum eru ekki alls staðar eins hefur upplýsingunum verið skipt upp eftir löndunum. En þar að auki getur fyrirspyrjandinn fengið hverja þá samsetningu af svörum, sem hann vanhagar um í hvaða málaflokki sem er. Unnt er að hafa bein samskipti á Norræna skattavefnum (Nordisk Skatteportal) við embættismenn á Norrænu rafrænu skattstofunni (Nordiskt Virtuellt Skattekontor) sem veita svör við spurningum sem varða skattheimtu alls staðar á Norðurlöndum.

Rafræna skattstofan er ekki nýstofnuð raunveruleg eining eða stofnun heldur tengslanet skattasérfræðinga á Norðurlöndum. Það á sér ekki hliðstæðu að maður, sem þarf að komast í samband við margar norrænar skattstofur, geti spurt spurninga á vefnum og fengið sameiginlegt svar frá Norrænu skattstofunni. Skattavefurinn er tengdur norrænu upplýsingaveitunni Halló Norðurlönd (www.hallonorden.org eða www.nordisketax.net) þar sem einnig er að finna aðrar gagnlegar upplýsingar fyrir þá sem hyggjast flytja til annars norræns lands, stunda þar nám eða vinnu.



Greidd gata hreyfanlegs vinnuafls yfir norrænu landamærin

Norrænu atvinnumálaráðherrarnir undirbúa atvinnumiðlunarkerfi á Netinu svo að almenningur og fyrirtæki á jaðarsvæðunum geti á skjótvirkari og einfaldari hátt en áður fundið annars vegar lausar stöður og hins vegar vinnuafll sem skortir atvinnu. Ég vona að það styrki hina norrænu samþættingu. Eyrarsundssvæðið er fyrsta svæðið á Norðurlöndum sem veitir slíka þjónustu. Við væntum þess að geta hleypt atvinnumiðlunarkerfinu af stokkunum áður en árið er liðið.

Greiður aðgangur lítilla fyrirtækja á Norðurlöndum að upplýsingum

Landamærahindranir hafa einnig vond áhrif á atvinnulífið – einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, sem eiga erfitt með að verða sér úti um fullnægjandi upplýsingar þegar þau hyggjast hasla sér völl og stunda viðskipti í öðru norrænu landi eða við annað norrænt fyrirtæki eða ráða vinnuafll frá öðru ríki Norðurland-anna. Þess vegna hefur verið opnuð upplýsingaveita fyrir atvinnulífið á vefnum Halló Norðurlönd, www.hallonorden.org. Á atvinnulífsvefnum er að finna gagnlegar vísanir á heimasíður í sérhverju landi sem settar eru fram á einfaldan og aðgengilegan hátt. Atvinnulífsvefurinn verður opnaður í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Reykjavík í lok október 2005.

Norrænn „pillupassi“ (pillepas)

Geta má fleiri markmiða sem náðst hafa. Ég hef þá sérstaklega í huga hina nýju norrænu „pillupassa“. Mismunandi verklag og margvíslegar reglur gilda á Norðurlöndum um skilríki sem ferðamenn þurfa að framvísa hafi þeir meðferðis örvandi efni sem efnispátt í læknislyfi. Þetta veldur þeim til dæmis miklum vanda sem ferðast oft til og frá Borgundarhólmi gegnum Svíþjóð/Ystad. Samkomulag hefur náðst á Norðurlöndum um sameiginlega norræna skrá um örvandi efni sem réttmætt þykir að krefjast gagna um. Löndin eru á einu máli um að samræma eftirlit sitt á grundvelli þessarar sameiginlegu lyfjaskráar.

Ferðalög með gæludýr

Ferðamenn á leið til og frá Borgundarhólmi með viðkomu í Svíþjóð hafa þar að auki átt erfitt með að hafa gæludýr meðferðis. Góður árangur hefur nú hlotist af áköfum samningaviðræðum ríkisstjórnna Danmerkur og Svíþjóðar. Fram að þessu hafa almennir borgarar aðeins mátt flytja með sér hunda og ketti ef þeir óku um Svíþjóð í fólksbifreið en nú mega þeir það líka þegar þeir ferðast með langferðabíl eða lest. Auk þess hefur þjónustan verið bætt svo að nú má t.d. fylla í viðeigandi eyðublöð á Netinu. Upplýsingar um reglurnar eru á heimasíðu Matvælastofnunar Danmerkur (Fødevarestyrelsen), www.foedevarestyrelsen.dk. Hinar nýju sænsku reglur tóku gildi 15. júní 2005.



Árangurinn að öðru leyti

Þetta eru eingöngu dæmi um mál – stór og smá – sem voru tekin fyrir í því skyni að ryðja úr vegi hindrunum á landamærum sem bæði almennir borgarar og fyrirtæki reka sig á. Í þessari greinargerð leitast ég við að kynna niðurstöðurnar og málin sem við í Norrænu ráðherranefndinni vinnum áfram að. Við höfum áður náð ýmsum markmiðum á afmörkuðum sviðum og fjallað um margvísleg málefni. Í því sambandi vísa ég til fyrri greinargerða minna frá árunum 2003 og 2004. Þó leyfi ég mér að benda sérstaklega á þann góða árangur sem náðist árið 2004 með þvernorrrænu samkomulagi um þjóðskrá sem var undirritað á Norðurlandaráðsþingi í Stokkhólmi. Fimm norrænir ráðherrar skrifuðu nafn sitt undir samnorranan samning um þjóðskrá sem á að leiða til að fólk fái kennitölu með bæði einfaldari og skjótari hætti en áður. Norrænu ríkin verða nú að innleiða samninginn sem tekur vonandi gildi árið 2006.

Vegna aukinnar alþjóðlegrar samkeppni er nauðsynlegt að tryggja að vinnu- markaðurinn sé opinn og sveigjanlegur. Stuðla þarf að hagstæðum skilyrðum á norrænum heimamarkaði svo að fyrirtækin geti betur spjarað sig á norrænum markaði. Afnáam landamærahindrana í þágu Norðurlandabúa og norrænna fyrirtækja hefur mikið um það að segja hvort samkeppnishæfnin verði treyst til framtíðar á tímum örra breytinga.

Kaupmannahöfn 14. október 2005

Poul Schlüter

Sérskipaður fulltrúi samstarfsráðherra

Efld upplýsingamiðlun og samræming aðgerða

Það er algerlega undir traustum og aðgengilegum upplýsingum handa íbúum Norðurlanda komið hvort þeir finni hjá sér hvöt til að starfa, flytjast búferlum eða stunda nám þvert á hin norrænu landamæri. Þar af leiðandi lét Norræna ráðherranefndin gera bætur á norrænu upplýsingaveitunni Halló Norðurlönd á árinu 2005.

Halló Norðurlönd er upplýsingaþjónusta á Netinu og slóðin að henni er *www.hallonorden.org*. Hún hefur þann tilgang að veita fólki ráð og leiðsögn við að flytja, vinna eða nema í öðru norrænu landi. Viðmóti heimasíðu Halló Norðurlanda var breytt árið 2005 og markaðssetningin efld svo að sífellt fleiri á Norðurlöndum kynnist og nýti sér Halló Norðurlönd. Nýmæli í þjónustu Halló Norðurlanda er atvinnulífsvefurinn. Með tilkomu atvinnulífsvefjarins verður umfram allt auðveldara fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki að nálgast gagnlegar upplýsingar þegar þau vilja versla, stofna fyrirtæki eða færa út kvíarnar til annars norræns lands eða sjálfsstjórnarsvæðis. Atvinnulífsvefurinn er vistaður hjá norrænu upplýsingaveitunni Halló Norðurlönd, *www.hallonorden.org*. Vefinn má þar að auki skoða annars vegar sem norrænt safn upplýsinga um og hins vegar tengla við viðeigandi stofnanir og stjórnvöld og þar eru á einum stað samningar og samkomulög norrænu ríkjanna.

Skattavefurinn nýi eykur sömuleiðis upplýsingagjöf til einstaklinga um skattamál – en hann er einstakur í sinni röð að því er varðar möguleika fólks til að leggja spurningu fyrir rafrænu skattstofuna og fá svar sem skattayfirvöld í fleiri löndum en einu eiga hlut að. Nánar má lesa um þetta atriði í kaflanum um afnám landamærahindra á skatta- og fjármálasviðinu.

Rafræna atvinnumiðlunarkerfið stuðlar enn fremur að því að auka upplýsingagjöfina um lausar stöður og hæfan fáanlegan vinnukraft ásamt því að efla samþættinguna, til að byrja með yfir Eyrarsund. Nánar um þetta í kaflanum um vinnumarkaðinn.

Afnám landamærahindrana einkennist nú um stundir af þátttöku margra aðila, t.a.m. samnorrænna upplýsingaþjónusta, norrænu upplýsingaveitunnar Halló Norðurlönd og svæðisbundinna norrænna landamæranefnda. Þessir aðilar vinna hver og einn að því markmiði að ryðja úr vegi tilteknum hindrunum til að skapa opinn og sveigjanlegan vinnumarkað í þágu íbúa og fyrirtækja á Norðurlöndum.

Í því skyni að herða baráttuna gegn landamærahindrunum á kerfisbundinn hátt hefur verið opnuð skrifstofa um þau málefni sérstaklega í höfuðstöðvum Norrænu ráðherranefndarinnar. Þessi skrifstofa landamæramálefna samræmir aðgerðir til að eyða landamærahindrunum jafnt innan viðeigandi fagráðherranefnda sem heyra undir Norrænu ráðherranefndina sem norrænna upplýsingaveitna og norrænu landamæranefndanna.

Norræna ráðherranefndin hefur átt frumkvæði að því að mynda hinn svonefnda *vettvang landamærastefnu*. Tilgangurinn með vettvangi landamærastefnunnar er að búa til tengslanet sérfræðinga sem koma saman til að miðla reynslu sinni og upplýsingum um afnám landamærahindrana, skilgreina vandamálin sem leysa þarf á vettvangi stjórnmálanna og til að samræma starfsemi norrænu upplýsingaveitnanna og þar með renna styrkari stoðum undir aðgerðirnar á sviði upplýsingagjafar. Í raun hefur verið stofnaður rafrænn fundarstaður þar sem aðilar málsins



geta haft samband hver við annan og skipst á upplýsingum. Landamæra-nefndirnar, samnorrænu upplýsinga-þjónusturnar og Halló Norðurlönd halda fund tvisvar á ári.

Svæðasviðið beitir sér þar að auki sérstaklega gegnum norrænu landamæranefndirnar að afnámi landamærahindrana. Svæðisbundnar landamæra-nefndir starfa staðbundið og svæðisbundið að því að fjarlægja óþarfa hindranir í vegi frjáls flæðis yfir landamæri Norðurlanda. Norrænu landamæra-nefndirnar eru í nánú samstarfi við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar gegnum skrifstofu landamæramála. Ráðherrarnir, sem eru yfir svæðisbundnu samstarfi, hafa haft eftirfarandi á sinni könnu:

- Verkefni um bestu hugsanlegu lausnirnar á vandamálum landamærasvæða á Norðurlöndum – GOLIN-verkefnið (Grænseregionale Optimale Løsninger i Norden)
- Tölulegt yfirlit um ferðir yfir landamæri á Norðurlöndum

Finnum bestu lausnirnar fyrir landamærasvæðin á Norðurlöndum – GOLIN-verkefnið

Landamærasvæðin fjögur (Eyrarsund, Östfold-Bohuslén/Dalsland, Haparanda/Torneå og ARKO-samstarfið) hafa tekið höndum saman um að gera yfirlit um bestu hugsanlegu lausnirnar á landamærahindrunum á Norðurlöndum, GOLIN. Markmiðið með GOLIN-verkefninu er að skilgreina sameiginlegar hindranir á sviði atvinnulífsins og gera tillögur um hvernig leysa megi vandamálin á umræddum svæðum. Verkefnið byggist á fjölda vinnuhópa en í þeim gera aðilar málsins grein fyrir svæðisbundnum aðgerðum og ræða saman

um hvernig önnur landamærasvæði geti nýtt sér reynslu hinna.

ÁRANGUR

GOLIN-verkefninu lauk á árinu 2005 en meðan á því stóð var áhersla lögð á eftirfarandi málaflokka:

1. Sveigjanlegan vinnumarkað og þýðingu upplýsingamiðlunar
2. Sameiginlegan norrænan vinnumarkað í orði og á borði
3. Menntun og hæfni, þ.e. eiginleika til að gegna tilteknu starfi
4. Landamæralausan vinnumarkað á Norðurlöndum - lokaráðstefnuna


Skrifstofa landamæramála hjá Norrænu ráðherranefndinni mun safna og fylgja eftir þeim upplýsingum um reynslu og raunverulegar landamærahindranir sem aflað var í GOLIN-verkefninu.

Halda skal við tölulegum upplýsingum um ferðir yfir landamæri á Norðurlöndum

Mikilvæg forsenda þess að finna lausnir á vandamálum tengdum landamærahindrunum er að hafa fullkomið tölulegt yfirlit um ferðir og búferlaflutninga milli ríkja Norðurlandanna. Ráðherranefndin um svæðisbundið samstarf hafði þess vegna frumkvæði að því að safna upplýsingum um ferðir yfir landamæri á Norðurlöndum.

ÁRANGUR

Aðalskýrslan um ferðastrauminn var gefin út í ársbyrjun 2005. Fullyrða má á grundvelli skýrslunnar að árið 2001 hafi 55.600 manns haft tekjur í öðru norrænu landi en heimalandi sínu. Af þeim teljast 25.400 fara reglulega í og úr vinnu yfir landamæri, þ.e.a.s. er talið vera fólk sem að uppistöðu hefur tekjur í öðru norrænu landi en heimalandi



sínu. Norski vinnumarkaðurinn hafði mest aðdráttarafl. Hér um bil 50 af hundraði slíkra ferða á Norðurlöndum voru til Noregs, um 20 af hundraði til Danmerkur, tæplega 20 af hundraði til Svíþjóðar og 6 af hundraði til Finnlands. Vinnumarkaðurinn í Svíþjóð laðaði að finnska ríkisborgara en norski og danski vinnumarkaðurinn naut meiri vinsælda meðal íbúa Svíþjóðar en sá sænski naut með Norðmönnum og Dönum.

Opinn og sveigjanlegur vinnumarkaður

Ég hef gert ýmsar tillögur á sviði vinnumarkaðar sem eiga að stuðla að því að skapa opið og sveigjanlegt starfsumhverfi á Norðurlöndum. Margt er líkt með vinnumarkaðnum í norrænu löndunum en einnigt margt ólíkt. Einmitt þess vegna hefur úrslitapýðingu að við látum ekki kreddur stöðva okkur í þeirri viðleitni að opna vinnumarkaðinn frekar og sjá til þess að vinnuafli sé frjálst að fara á milli landa.

Á undanförnum árum hef ég lagt eftirfarandi til:

- Nýtt samnorrænt atvinnumiðlunarkerfi fyrir landamærasvæðin á Netinu
- Að kröfur um ríkisborgararétt víki fyrir almennum hæfniskröfur þegar ráðið er í lausar stöður
- Að einfalda reglur um aðgang að atvinnuleysistryggingakerfinu fyrir Norðurlandabúa í sérhverju norrænu landi
- Að samningurinn um sameiginlegan norrænan vinnumarkað nái einnig til fólks með annað en norrænt ríkisfang sem hefur ótímabundið atvinnu- og dvalarleyfi

Það á að vera einfalt að finna starf hinum megin við landamærin – Rafræn atvinnumiðlun á Netinu á norrænum landamærasvæðum

Það á að vera einfaldara að sækja um starf milli landa á Norðurlöndum. Þótt samþættingin verði sífellt meiri og einkum á landamærasvæðunum á Norðurlöndum ættum við að stuðla að enn opnari og sveigjanlegri vinnumarkaði. Aðgangur að upplýsingum um lausar stöður og hæft vinnuafli þarf þess vegna að vera greiður á landamærasvæðunum.

Með það í huga ákváðu norrænu atvinnuáráðherrarirnir að efla atvinnumiðlun landanna á Netinu svo að til dæmis umsækjendur um starf geti með einföldum hætti leitað sér upplýsinga um lausar stöður á ákveðnu landamærasvæði.

Hlutaðeigandi stjórnvöld og sérfræðingar hafa þess vegna lagt áherslu á að finna hentugt fyrirkomulag sem bætir aðgengi Norðurlandabúa að lausum stöðum og skapar norrænum vinnuveitendum og umsækjendum um störf betri forsendur til að finna vinnu eða tiltækan hæfan starfskraft.

ÁRANGUR

Þessi vinna hefur skilað góðum árangri og áþreifanlegri niðurstöðu sem felst í því í fyrstu umferð að unnt er að sækja um atvinnu beggja vegna Eyrarsunds á Netinu. Þess er vænst að atvinnugagnagrunnurinn verði kominn í gagnið fyrir árslok 2005 og að slóðirnar að honum verði www.jobnet.dk eða www.jobplats.se. Eyrarsundssvæðið verður fyrsta tilraunasvæðið. Markmiðið er að öll landamærasvæðin á Norðurlöndum eignist eigin atvinnugagnagrunn á Netinu.

Það á ekki að fara á milli mála hvenær gerð er krafa um ríkisborgararétt við ráðningu í stöður á Norðurlöndum

Framvegis verður auðveldara að sjá hvenær krafa er gerð um ríkisborgarétt í sambandi við skipan eða ráðningu í stöður á Norðurlöndum. Ole Norrback, fyrrverandi samstarfsráðherra Finnlands, benti á raunverulegt dæmi í skýrslunni „Réttindi Norðurlandabúa“, þar sem sænskur ríkisborgari búsettur í Finnlandi gat ekki hlotið stöðu hagfræðings hjá finnsku þjóðkirkjunni



(hagfræðings söfnuðar) því að hann hafði ekki finnst ríkisfang.

Norrænu atvinnumálaráðherrarnir hafa látið kanna hvenær gerð sé krafa um ríkisborgararétt fyrir ráðningu í stöður en í ákveðnum tilvikum getur verið nauðsynlegt að hafa þann háttinn á. Um er að ræða fáar stöður en það er mikilvægt að norrænu löndin upplýsi með skýrum hætti hvenær það á við.

ÁRANGUR

Gerð hefur verið skrá um þær stöður sem þeir einir mega gegna sem uppfylla skilyrði um ríkisfang. Þessar upplýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu Halló Norðurlanda, þannig að allir geta séð nákvæmlega um hvaða stöður er að ræða. Sjá nánar www.hallonorden.org.

Endurskoðun og einföld skrá um mismunandi reglur um aðgang að atvinnuleysistryggingum á Norðurlöndum

Mismunandi reglur gilda um skilyrði til að fá atvinnuleysisbætur í norrænu löndunum sem helgast af mismunandi norrænum hefðum fyrir því að fá úthlutað úr atvinnuleysistryggingasjóði.

Norrænu atvinnumálaráðherrarnir hafa farið yfir löggjöfina um atvinnuleysistryggingasjóði með tilliti til mögulegrar samræmingar, þ. á m. hvort unnt sé að samræma að einhverju eða öllu leyti gildandi reglur um að gerast aðili að sjóðunum og ganga úr þeim. Niðurstaðan er á hinn bóginn sú að það reynist of flókið að ráðast í samræmingu á þessu sviði. Ráðherrarnir eru þó sammála um að nauðsynlegt sé að tryggja að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um reglurnar og er unnið að því að

kynna þær á einfaldan og skýran hátt á öllum norrænu tungumálunum.

ÁRANGUR

Mismunandi reglur um atvinnuleysistryggingar í ríkjum Norðurlanda verða kynntar með skýrum hætti á heimasíðu norrænu upplýsingaveitunnar Halló Norðurlönd í þágu almennings og stjórnvalda áður en formennsku Dana lýkur árið 2005.

Endurskoðun samnings um samnorrænan vinnumarkað – veita ríkisborgurum þriðja lands aðild að samningnum

Fyrir nokkrum árum lagði ég til að samningurinn um sameiginlegan norrænan vinnumarkað næði einnig til fólks með ríkisfang í þriðja landi sem hefði fast dvalar- og atvinnuleyfi. Aftur á móti varð ekki pólitískur einhugur um það. Þess í stað könnuðu norrænu atvinnumálaráðherrarnir hvort unnt væri að endurskoða samninginn. Niðurstaðan úr þeirri athugun var sú að það yrði allt of flókið að uppfæra samninginn vegna tengsla sumra landanna við ESB. Þar sem ekki stóð til að breyta jafnframt efni samningsins ákváðu löndin að láta kyrrt liggja.

Afnám landamærahindrana á sviði skatta í þágu íbúa og fyrirtækja á Norðurlöndum

Öryggi um skatta á tekjur og lífeyri skiptir skattgreiðendur miklu í sambandi við flutning þeirra til eða vinnu í öðru norrænu landi. Skattaumhverfið er snar þáttur í þeirri viðleitni að fjarlægja landamærahindranir á Norðurlöndum. Að sumu leyti er brýnt að auka upplýsingaflæðið til íbúanna og að öðru leyti verður að endurskoða lögin og meta hvort nauðsynlegt sé að breyta þeim.

Eftirfarandi hefur verið á dagskrá norrænu fjármála- og skattamálaráðherranna vegna afnáms landamærahindrana:

- Stofnun norræns skattavefjar og einnig rafrænnar norrænnar skattstofu
- Mat á raunverulegum landamærahindrunum íbúa og fyrirtækja á sviði skatta
- Flutningur fjármagns yfir landamæri innan Norðurlanda

Framvegis mun ganga fljótar og betur að fá réttar upplýsingar um skattareglur á Norðurlöndum

Nýr norrænn skattavefur gerir öllum Norðurlandabúum kleift að finna upplýsingar og ná sambandi við norræna embættismenn um hvers kyns vafamál á sviði skattheimtu. Markmiðið með skattavefnum nýja er að auðvelda íbúum Norðurlanda að fá svör við fyrirspurnum sem tengjast sköttum og snerta skattayfirvöld í fleiri en einu norrænu ríki. Hér er til dæmis átt við skatta á tekjur, lífeyri, eignir o.fl. Hver sem er getur haft beint samband um norræna skattavefinn við embættismenn á hinni rafrænu norrænu skattstofu. Rafræna skattstofan er ekki raunveruleg stofnun heldur tengslanet embættismanna á Norðurlöndum.

ÁRANGUR

Skattavefurinn, sem norrænir fjármálaráðherrar hleyptu af stokkunum í maí 2005, er einstakur í sinni röð, þar sem hver sem er getur sent inn fyrirspurn og fengið svar um skattareglur norrænu landanna. Vefurinn er auðveldur í notkun og nú þegar hafa margir á Norðurlöndum fært sér hann í nyt. Lesið nánar um eða sendið inn fyrirspurnir um skattavefinn á slóðinni www.hallonorden.org eða á www.nordisketax.net.

Fjarlægja verður landamærahindranir á sviði skatta í þágu Norðurlandabúa og fyrirtækja

Norræna upplýsingaveitan Halló Norðurlönd, hinar upplýsingaþjónusturnar og skrifstofa Norrænu ráðherra-nefndarinnar fá títt ábendingar frá íbúum Norðurlanda og fyrirtækjum um alls kyns landamærahindranir á sviði skatta. Til dæmis er um að ræða skatt á lífeyri, skatt á starfsmann sem starfar tímabundið þvert á landamæri, skatt á ákveðnar starfsstéttir s.s. flugáhafnir í þjónustu annarra flugfélaga en SAS o.s.frv. Dæmi um landamærahindranir er einnig að finna á sviði atvinnulífsins (sbr. yfirlit sem norrænu atvinnumálaráðherrarnir létu taka saman undir heitinu „Landamærahindranir í norrænu atvinnulífi“).

Af þessum sökum hafa norrænu fjármálaráðherrarnir unnið að því á síðastliðnum árum að fá lagt mat á þessi raunverulegu dæmi. Sú vinna hefur getið af sér tvær skýrslur, aðra um hindranir sem einstaklingar verða fyrir á landamærum og hina um landamærahindranir sem einkum snerta atvinnulífið, þ. á m. tilteknar starfsstéttir. Jafnhliða þessu mati hefur farið fram endurskoðun á norræna tvísköttunarsamningnum.



ÁRANGUR

Hvað landamærahindranir í atvinnulífinu snertir hafa norrænu fjármálaráðherrarnir komist að þeirri niðurstöðu að það þjóni ekki tilgangi að ráðast í norrænar aðgerðir á þeim sviðum sem lúta að umboði fjármálaráðherra og lagt er til í skýrslunni „Landamærahindranir í norrænu atvinnulífi“. Þetta á til dæmis við um mismunandi virðisaukaskattsþrep og stjórnkerfishætti ásamt mismunandi reglum um samsköttun fyrirtækja. Norrænu fjármálaráðherrarnir hafa bent á að umfangsmikil vinna fari fram á þessu sviði innan ramma ESB. Fjármálaráðherrarnir hafa í staðinn boðið norrænum skattyfirvöldum að ráðast í gagnvera athugun („bottom up“ process, þar sem öllu er á botninn hvolft) þar sem þau geta lagt fram raunhæfar hugmyndir um samstarf, reglubreytingar og samræmingu.

Aðgerðir eru hafnar sem miða að því að eyða landamærahindrunum á sviði skattheimtu sem umfram allt snertir hagsmuni einstaklinga - en þær taka tíma. Álitaefnin eru flókin. Norrænu fjármálaráðherrarnir hafa aftur á móti beðið sérfræðingana í viðkomandi löndum um að gera tillögu að raunhæfri tímaáætlun og semja skýrslu um hvar afnám landamærahindrananna er á vegi statt varðandi bæði almenna borgara á Norðurlöndum og norrænt atvinnulíf og er sérfræðingunum gert að skila skýrslu sinni á fundi þeirra í Reykjavík í lok október 2005. Norrænu fjármálaráðherrarnir hafa lagt þunga áherslu á þýðingu þess að þessi vinna beri raunverulegan árangur.

Flutningur fjármagns milli norrænu landanna á að verða auðveldari

Fjármagnsflutningur milli norrænu landanna getur haft verulegan kostnað í för með sér og margir dagar liðið áður en viðtakandinn getur lagt peningana inn á sinn reikning. Í því sambandi lagði ég til við norrænu fjármálaráðherrana að kanna möguleikana á því að setja reglur annars vegar um fjárhæð þóknunar fyrir fjármagnsflutning milli norrænu landanna og hins vegar um tímann sem tekur að flytja fjármagnið. Norræna félagið hefur ítrekað kannað aðstæður í kringum fjármagnsflutninga milli norrænu landanna. Niðurstaðan er sú að bankarnir hafa bætt upplýsingar sínar um þessar aðstæður og það hefur haft í för með sér að fjármagnsflutningurinn gengur dálítið betur.

ÁRANGUR

Norrænu fjármálaráðherrarnir ræddu ítrekað málefni tengd fjármagnsflutningum innan Norðurlanda á árinu 2004. Ekki hefur náðst samkomulag um að gera þá kröfu til norrænu bankanna að innheimta sömu þóknun fyrir milli-færslur milli landa á Norðurlöndum og fyrir fjármagnsflutning innanlands. Norrænu fjármálaráðherrarnir samþykktu aftur á móti yfirlýsingu í maí 2004 um að greiðslur milli banka innan Norðurlanda eigi að hámarki að taka þrjá bankadaga að framkvæma.

Menntamál

Skólakerfið á Norðurlöndum á að vera gott og skilvirkt, bæði til að unnt sé að öðlast góða menntun og til að fá gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum og hæfnisvottorðum í norrænu ríkjunum – á þeim grunni hvílir opinn og sveigjanlegur vinnumarkaður á Norðurlöndum. Norrænt menntasamstarf er eitt svið.

Við höfum lagt höfuðáherslu á eftirfarandi atriði í viðleitni okkar að fjarlægja landamærahindranirnar á Norðurlöndum:

- Gagnkvæma viðurkenningu á löggildingu og prófskírteinum innan Norðurlanda
- Gagnkvæma viðurkenningu á æðri menntun á Norðurlöndum
- Betri námsstyrki fyrir námsmenn á Norðurlöndum
- Betri norrænan framhaldsskóla-samning
- Gagnkvæma viðurkenningu á verknámi á Norðurlöndum

Viðurkenna ber löggildingu/ prófskírteini alls staðar á Norðurlöndum – höfuðáhersla á sviði pípulagna og raflagna

Í þeim tilgangi að auka hreyfanleika vinnuafis á sviði pípulagna (da. VVS, þ.e. Vand, Ventilation, Sanitet) og raflagna (da. el-montage) er gagnkvæm viðurkenning á löggildingu og prófskírteinum nauðsynleg. Þetta er nýtt samstarfssvið innan ramma formlegs samstarfs norrænu ríkjanna. Á þessari stundu er því ekki hægt að gera sér fyllilega grein fyrir því hvort gagnkvæm viðurkenning löggildingar og prófskírteina sé fullnægjandi í reynd. Til að byrja með verðum við því að kortleggja hvaða löggilding og hvaða prófskírteini

fá ekki gagnkvæma viðurkenningu á Norðurlöndum og stefna að nánari viðræðum um efnið milli landanna. Í fyrstu lotu lítum við nánar á gagnkvæma viðurkenningu á löggildingu/prófskírteinum á sviði pípulagna og raflagna. Kortlagning á þessum sviðum er í vinnslu.

ÁRANGUR

Norrænu menntamálaráðherrarnir munu ræða málefnið á fyrsta fundi sínum árið 2006 með hliðsjón af kortlagningunni á möguleikunum á gagnkvæmri viðurkenningu innan Norðurlanda á löggildingu/prófskírteinum á sviði pípulagna og raflagna.

Aukin gagnkvæm viðurkenning á æðri menntun á Norðurlöndum

Auðvelda á viðurkenningu á hæfnisvottorðum, starfsréttindum og vitnisburðum um æðri menntun á Norðurlöndum. Ákvarðanir um framtak á þessu sviði eru þó í æ ríkara mæli teknar innan ramma samstarfsins við ESB. Þess vegna er mikilvægt að samhengi sé milli vinnunnar á norrænum og evrópskum vettvangi.

ÁRANGUR

Menntamálaráðherrar Norðurlanda ákváðu á fundi sínum í júní 2004 að samþykkja og undirrita norræna yfirlýsingu um að auðvelda námsmönnum að fá nám sitt viðurkennt í háskólum annarra norrænna landa – „Reykjavíkuryfirlýsinguna“. Hún kemur í stað hins svokallaða Sigtuna-samnings. Yfirlýsingunni verður fylgt eftir með reglulegri skýrslugerð. Það felur í sér að raunveruleg vandamál sem upp koma í sambandi við gagnkvæma viðurkenningu á vitnisburði um æðri menntun verða lögð fyrir menntamála-



ráðherra Norðurlanda annað hvert ár. Fyrsta skýrslan á að liggja fyrir í lok ársins 2006.

Finna verður lausn á ferðastyrkjum fyrir norræna námsmenn

Forsendan fyrir greiðslu námsstyrkja er að heimalandið veiti námsstyrki vegna náms í öðru norrænu landi. Úthlutun námsstyrkja til handa þeim sem stunda nám í landinu en eru ríkisborgarar annarra landa í norrænu samstarfi fer eftir nánari reglum sem settar eru í hverju landi fyrir sig.

Spurningin um ferðastyrki, þá einkum á Eyrarsundssvæðinu, hefur ítrekað verið rædd á fundum menntamálaráðherra Norðurlanda. Vandinn er sá að Danir veita þeim einum ferðastyrk sem þiggja námsstyrki í Danmörku en Svíar veita þeim ferðastyrki sem hafa námskort hjá sænskri menntastofnun. Þetta þýðir að danskir námsmenn sem stunda nám í Svíþjóð geta fengið ferðastyrki bæði í Danmörku og Svíþjóð en sænskir námsmenn sem stunda nám í Danmörku geta aðeins fengið ferðastyrk í Svíþjóð en ekki í Danmörku.

ÁRANGUR

Ekkert norrænu landanna hefur ljáð máls á því að setja vægari reglur vegna landamærahindrana. Fyrst þarf að kanna umfang vandamálsins á Eyrarsundssvæðinu. Haustið 2005 verður samin greinargerð sem grundvöllur að umræðu með tillögum að hugsanlegum lausnum á þessu ákveðna vandamáli.

Aukin gagnkvæm viðurkenning á framhaldsnámi

Fjörutíu og fimm Evrópulönd hafa nú þegar náð samstarf um gagnkvæmar viðurkenningar á framhaldsnámi. Samstarfið er liður í *Bologna-ferlinu*. Óháð því var Reykjavíkuryfirlýsingin undirrituð í júní 2004 um gagnkvæma viðurkenningu norrænu landanna á lokaprófum og hlutaprófum á æðra menntastigi. Til þessa hafa aðeins lítilsháttar vandkvæði komið upp við framkvæmdina sem snerta gagnkvæma viðurkenningu á kennsluréttindum en um þau hefur verið gert sérstakt norrænt samkomulag. Meginreglan er gagnkvæm viðurkenning á réttindum, en mismunandi menntakerfi landanna hvað varðar aðalgreinar námsbrauta og námsþrep endurspeglast í efni samkomulagsins. Meðal annars kemur fram krafa um að kennari frá öðru norrænu landi þurfi að hafa fullnægjandi kunnáttu í því tungumáli sem kennt er á.

ÁRANGUR

Framhaldsskólasamningurinn var endurnýjaður árið 2004 og í raun veldur hann ekki miklum vandræðum þegar kemur að viðurkenningu á prófum sem veita rétt til skráningar í skóla. Víxltafla hefur verið búin til í því skyni að umreikna einkunnir milli sænska og danska menntaskólastigsins. Á þessum vettvangi verður áfram fjallað um hvort unnt sé að viðurkenna hluta framhaldsskólamenntunar í einu norrænu landi í öðru norrænu landi.

Aukin gagnkvæm viðurkenning á starfsnámi á Norðurlöndum

Á Norðurlöndum er margs konar starfsmenntun í boði sem er byggð upp á mismunandi hátt. Í Svíþjóð og Finnlandi er til dæmis í boði starfsnám á fram-



haldsskólastigi en í Danmörku starfs-
tengt nám. Þrátt fyrir mismuninn nýtur
starfsnám gagnkvæmrar viðurkenningar
á vinnumarkaðnum í norrænu ríkjunum.
Norræn könnun á viðurkenningu á
starfsnámi frá árinu 2004 sýndi að
raunveruleg vandamál eru fá. Einnig er
kveðið á um starfsnámsviðurkenningu
í framhaldsskólasamningnum sem var
endurskoðaður árið 2004. Enn fremur
hafa þrjátíu og þrjú Evrópulönd tekið
upp samstarf á evrópskum grundvelli
um gagnkvæma viðurkenningu á starfs-
námi. Samstarfið felst m.a. í því að búa
til punktakerfi fyrir hluta af náminu og
skilríki sem nefnist Europass en þau
eru ferilskrá þar sem fram geta komið
formlegar og óformlegar upplýsingar
um hæfni viðkomandi. Löndin þrjátíu
og þrjú starfa saman innan ramma
Kaupmannahafnar-ferlisins.

ÁRANGUR

Endurskoðun gamla Norðurlandasam-
ningsins um framhaldsskóla varpaði
ljósi á þá kosti sem fyrir hendi eru til að
koma á gagnkvæmri viðurkenningu á
starfsmenntum. Norræna ráðherranefnd-
in hefur skipað vinnuhóp um starfs-
menntun fyrir árabilið 2005 til 2007 í
þeim tilgangi að efla norrænt samstarf
á sviði starfsnáms og norrænt samstarf
innan Evrópusambandsins um að fylgja
Kaupmannahafnar-ferlinu eftir, þar á
meðal undirbúningnum að því að koma
Europass-skilríkjunum í framkvæmd.
Hópurinn á að starfa á grundvelli
skýrslu sem hefur verið samin og
nefnist „Viðurkenning á starfshæfni á
Norðurlöndum“ (Erkännande av yrkes-
kompetens i Norden) en hún fjallar
um gagnkvæma viðurkenningu starfs-
menntunar í norrænu löndunum.
Markmiðið er að efla miðlun þekkingar
og reynslu milli Norðurlanda og annarra
Evrópulanda í samræmi við framkvæmd
samningsins um Kaupmannahafnar-
ferlið. Áhersla er lögð á viðurkenningu

á starfshæfni og þróun á gagnkvæmu
námsmati. Þar að auki fer fram
könnun á því hvernig miðla má aðferð
Norðurlanda við gagnkvæma
viðurkenningu til annarra svæða.

Félags- og heilbrigðissviðið

Íbúum Norðurlanda finnst oft erfitt að glöggva sig á hvaða réttindi þeir hafa á sviði félags- og heilbrigðismála þegar þeir annað hvort sækja nám eða vinna eða flytjast búferlum yfir norræn landamæri. Af þessum sökum hafa félags- og heilbrigðisráðherrar Norðurlanda lagt áherslu á að eyða landamærahindrunum á sínu umráðasviði. Hér að neðan eru þau atriði talin upp sem verið hafa á dagskrá norrænu félags- og heilbrigðisráðherranna undir liðnum landamærahindranir. Vinnuhópar tengdir félagsmálasamningum, s.s. almannatryggingahópurinn og hópurinn um félagslega aðstoð, önnuðust alla forvinnu. Í hópunum starfa sérfræðingar frá öllum norrænu löndunum.

- Endurmenntun forstöðumanna stofnana
- Endurskoðun á fæðingarorlofsákvæðum
- Endurskoðun samninga um félagslega aðstoð og þjónustu, þ.m.t. landamærahindranir sem verða á vegi hreyfihamlaðra
- Samnorrænn „pillupassi“ (lyfjavottorð)
- Norrænar fjarlækningar (telemedicine-verkefnið)

Auk þessa hefur verið fjallað um áunnin *eftirlaunastig* og *gjaldgengi lyfseðla* í öllum norrænu löndunum. Þeirri umfjöllun var lokið svo snemma sem árið 2003. Enn fremur má geta þess að *nýr norrænn samningur um félagslegt öryggi* var undirritaður þegar árið 2003.

Betri upplýsingagjöf og endurmenntun forstöðumanna

Norðurlandabúum finnst oft erfitt að finna réttar upplýsingar um réttindi og möguleika sem þeir hafa þegar þeir

ferðast eða flytjast búferlum innan Norðurlanda. Reglurnar eru enda mismunandi og samræming þeirra hefði miklar breytingar í för með sér. Því er ákaft unnið að því að bæta þekkinguna innan stofnana og upplýsingagjöf til almennings um möguleika og skilyrði á sviði félags- og heilbrigðismála þegar farið er milli landa innan Norðurlanda.

ÁRANGUR

Vorið 2004 var veitt fé til kaupa á rafrænu greiningartæki fyrir opinbera starfsmenn á Norðurlöndum sem annast málsmeðferð. „*E-form Analysing Tool (EAT)*“ er upplýsingatæki með nýjustu uppfærslum, dómum og því um líku sem varðar almannatryggingakerfi Evrópusambandsins. Einnig er unnið að því að semja sameiginlegan bækling um Norðurlandasáttmálana um almannatryggingar og félagslega aðstoð. Bæklingurinn á að henta bæði almenníngi og þeim sem annast málsmeðferð hjá hinu opinbera.

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar vinnur auk þess að tillögu um að taka saman samnorrænt fræðslufni fyrir opinbera starfsmenn á þessu sviði svo að þeir bæði skilji og framfylgi betur reglunum í félagsmálasamningum Norðurlanda, ekki síst með hliðsjón af reglum Evrópusambandsins.

Raunhæft afnám tálma á sviði fæðingarorlofs

Fæðingarorlofsákvæði eru mismunandi í ríkjum Norðurlandanna og samræming þeirra varla gerleg né heldur æskileg í augum norrænu ríkisstjórnanna. Þó fer ekki á milli mála að finna verður raunhæfa leið til að greiða götu almennings.



ÁRANGUR

Nálgast verður vandamál vegna mismunandi fæðingarorlofsákvæða út frá þörfum einstaklinga fremur en út frá samræmingu reglnanna. Þvílík samræming er hvorki gerleg né æskileg. Þess vegna verður að leysa raunveruleg vandamál innan þessa málaflokks eftir hendinni og fela sérfræðingum að girða fyrir að fólk lendi milli tveggja kerfa eins og milli skips og bryggju. Það er m.ö.o. ákveðið að veita vandamálum af þessum toga frekari athygli og að leysa einstök mál í norrænu vinnuhópnum um almannatryggingar annars vegar og félagslega aðstoð og þjónustu hins vegar. Setja á samstarfið milli landanna í brennidepil í þeim tilgangi að auðvelda flutning til eða dvöl í einhverju norrænu landanna. Almennatryggingahópurinn stefnir að því að skipa vinnuhóp á árinu 2005 sem er ætlað að vinna upplýsingaefni um sáttmálana tvo.

Endurskoðun sáttmálans um félagslega aðstoð og þjónustu, þ.m.t. landamærahindranir á vegi hreyfihamlaðra

Norrænu löndin eiga að finna til samfélagslegrar ábyrgðar gagnvart hreyfihömluðum sem flytja milli landa en þurfa fötlunar sinnar vegna á félagslegri aðstoð að halda. Ráðherrar félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum fjölluðu um þetta atriði á fundi sínum um miðjan júnímánuð 2005. Þar var ákveðið að fresta um stundarsakir að staðfesta breytingar á sáttmálanum um félagslega aðstoð þangað til ýmis álitamál um flutningsþjónustu hafa verið til lykta leidd. Frekari úrvinnslu málsins var vísað til vinnuhópsins um Norðurlandasamninginn um félagslega aðstoð.

ÁRANGUR

Mörg vandamál varðandi flutningsþjónustu milli norrænu landanna eru óleyst. Vinnuhópnum um norræna sáttmálann um félagslega aðstoð og þjónustu hefur verið falið að taka málið að sér. Vinnuhópurinn fjallaði um það á fundi í september 2005 og ríkti einhugur um að halda vinnunni áfram á grundvelli tillögu að breytingu á fyrrgreindum sáttmála hvað varðar samstarf um flutningsþjónustu. Tillagan verður tekin til meðferðar á embættismannafundi í haust. Þess er vænst að ljúka megi málinu skriflega.

Nýr samnorrænn „pillupassi“

Mismunandi reglur og starfshættir gilda á Norðurlöndum um hvenær krefjast skuli vottorða af ferðamönnum fyrir að hafa meðferðis örvandi efni sem efnispætti í læknislyfi. Þetta hefur reynst þeim sérstaklega erfitt sem eru í tíðum ferðum, svo sem ferðamönnum til og frá Borgundarhólmi gegnum Svíþjóð/Ystad.

ÁRANGUR

Norrænu löndin hafa náð samkomulagi um sameiginlega norræna skrá um örvandi efni sem rétt þykir að gera kröfu um að ferðamenn sanni með vottorði að þeir þurfi að hafa meðferðis þegar þau eru flutt til annars norræns lands sem efnispáttur í læknislyfi. Löndin eru sammála um að haga eftirliti sínu í samræmi við þessa skrá. Svíþjóð hefur tilkynnt að það leiði til reglubreytinga og þess sé vænst að þeim breytingum verði lokið áður en árið er liðið.



Það á að vera unnt að flytja tölvugögn á sviði fjarlækninga milli norrænu landanna

Norrænn umræðuvettvangur hefur verið myndaður til að koma á samvinnu um fjarlækningar, þ.m.t. hvað standi þeim í vegi. Starfsemin á að geta hafist á haustmánuðum 2005. Í því sambandi verður athyglinni beint að eftirfarandi:

1. Þróun eða skilgreiningu matseininga svo að unnt verði að bera saman stöðu mála og svið sem má bæta þvert á hin norrænu landamæri í þeim tilgangi að nýta möguleikana á menntun og miðlun þekkingar og reynslu.
2. Skipulagningu á því hvernig starfshæfni og reynsla innan heilbrigðisgeirans getur nýst félagsmálageiranum hvað varðar þróun á aðferðum við og notkun á tölvusamskiptum.
3. Eflingu og þróun norræns samstarfs á sviðinu með hliðsjón af því að standa vörð um tiltækar bjargir og úrræði, uppbyggingu og hæfni til framþróunar og gernýtingar á sameiginlegum lausnum.
4. Könnun á athafnasviðum þar sem aukin notkun tölvusamskipta getur stuðlað að því að ryðja landamærahindrunum milli norrænna landa úr vegi og efla skilvirkni tölvusamskipta á sviði félags- og heilbrigðismála, þ.m.t. t.d. athugun á greinargerð um og tillögu að lausn á lagalegum hindrunum á fjarlækningum yfir landamæri innan Norðurlanda.

ÁRANGUR

Til að byrja með hefur verið stofnaður umræðuvettvangur um fjarlækningar. Enn er of snemmt að segja til um hvaða ávöxt það samstarf muni bera.

Stefna norrænu atvinnumálaráðherranna að afnema landamærahindranir

Í formannstíð Dana árið 2005 var brotturðingi hindrana sem bitna á litlum og meðalstórum fyrirtækjum bætt við þá stefnumörkun að fjarlægja landamærahindranir almennt úr vegi Norðurlandabúa. Framtakið byggist meðal annars á skýrslunni sem norrænu atvinnumálaráðherrarnir létu vinna um raunverulegar landamærahindranir norræns athafnalífs, „Landamærahindranir í norrænu atvinnulífi“. Norrænu atvinnumálaráðherrarnir hafa einsett sér að láta til sín taka á sínu verksviði hvað snertir hindranir. En sumar landamærahindranir eru á könnu annarra fagráðherra en atvinnumálaráðherranna, sjá nánar um þær í næsta kafla.

Atvinnumálaráðherrarnir hafa eftirfarandi atriði á sinni dagskrá:

- Atvinnulífsvef fyrir lítil fyrirtæki á Norðurlöndum
- Virkan norrænan áhættufjármagnsmarkað
- Framkvæmdaáætlun um aukid samstarf á sviði byggingariðnaðar og byggingarvöru
- Innleiðing ákvæða Evrópusambandsins á sviði félagaréttar
- Samræmingu á Norðurlöndum á eftirliti og löggildingu á mælitækjum

Upplýsingaöflun lítilla fyrirtækja á Norðurlöndum auðvelduð

Í skýrslunni um landamærahindranir í norrænu atvinnulífi er því meðal annars haldið fram að lítil fyrirtæki á Norðurlöndum eigi erfitt með að finna nauðsynlegar upplýsingar á einum stað. Atvinnumálaráðherrar Norðurlanda hafa þess vegna lagt til að norrænu samstarfsráðherrarnir bæti atvinnulífsvef við upplýsingaveituna Halló Norðurlönd.

ÁRANGUR

Í því skyni að auka upplýsingaflæði til lítilla fyrirtækja hefur atvinnulífsvefur verið smíðaður en hann verður opnaður í lok október 2005 í Reykjavík á slóðinni www.hallonorden.org. Á atvinnulífsvefunum verða tenglar sem vísa á heimasíður í norrænu löndunum þar sem lítil fyrirtæki geta fundið upplýsingar um hvernig stofna á fyrirtæki í viðkomandi landi, taka upp samstarf við önnur norræn fyrirtæki eða lönd og ráða starfsfólk frá öðrum norrænum löndum. Upplýsingarnar eru allar settar fram á skýran og auðveldan hátt sem mun einkum koma litlum fyrirtækjum að góðu gagni.

Aukin tækifæri á áhættufjármagnsmarkaði yfir norræn landamæri

Afnema á hindranir á frjálsri markaðsmyndun í því skyni að örva flæði áhættufjármagns yfir landamærin. Að öðrum kosti verður ekki til öflugur áhættufjármagnsmarkaður á Norðurlöndum. Af þeim sökum hafa viðskiptaráðherrar Norðurlandanna ákveðið að kanna möguleika á því að:

1. Breyta takmörkunum í samþykktum og lögum sem hefta möguleika fjárfestingarstofnana til að fjárfesta í öðrum löndum.
2. Draga úr tvísköttun sem felur í sér að sá, sem tekur þátt í áhættufjárfestingu, verði að greiða skatt bæði í því landi, sem fjárfest er í og sínu eigin landi.

ÁRANGUR

Þess er ekki að vænta enn að sjáist raunverulegur árangur af þeirri viðleitni að skapa norrænan áhættufjármagnsmarkað. En hálfnað er verk þá hafið er og áður en þetta ár er á enda runnið



munum við hafa fengið gleggri mynd af því hvaða möguleikar eru á samnorrænum áhættufjármagnsmarkaði.

Norrænn byggingamarkaður þróist í sameiginlegan heimamarkað

Norræna byggingamarkaðinn ætti að vera unnt að þróa í sameiginlegan heimamarkað þar sem hægt er að ganga að bæði framkvæmdaaðilum (iðnaðarmönnum og verktökum) og byggingarefni á sömu skilmálum. Í því augnamiði að efla samkeppni innan byggingariðnaðarins hefur verið gerð framkvæmdaáætlun sem byggist á fjórum nánar tilteknum verkefnum sem eiga að auðvelda verslun milli norrænu landanna, Eystrasaltsríkjanna og Póllands, „Actionplan for increased exchange in the building sector between countries in the Baltic Sea region“. Markmiðið er að eyða öllum viðskiptahindrunum þegar til lengri tíma er litið. Verkefnin, sem framkvæmdaáætlunin gerir ráð fyrir, beinast að nokkrum helstu höftum á frjálsu flæði vinnuafis og byggingarvöru milli landanna.

ÁRANGUR

Þróun sameinaðs byggingariðnaðar- og byggingarvörusvæðis gengur ekki hratt. Við væntum þess þó að fá fyrstu niðurstöðurnar úr sumum verkefnum á árinu 2006. Við munum fá yfirlit um stöðu áætlunarinnar áður en árið 2005 er liðið.

Aukin norræn samræming við innleiðingu ákvæða ESB á sviði félagaréttar

Tilskipun ESB um „evrópska félagið“ – hið svonefnda SE-félag – er mikilvægt skref í þá átt að auðvelda fyrirtækjum

að ráðast í verkefni sem teygja sig yfir landamæri. Til að losna við óþarfa landamærahindranir þurfum við hins vegar nú þegar að hugsa um að koma slíkri skipan á einnig innan Norðurlanda. Þess vegna hafa atvinnumálaráðherrar Norðurlanda skipað nefnd sem mun umfram allt fjalla um aðgerðir að þessu leyti innan ESB. Nefndin kemur saman til fundar tvisvar á ári hverju.

ÁRANGUR

Starfshópurinn, sem var skipaður um aðlögun að Evróputilskipuninni um „evrópska félagið“, hefur fram að þessu einbeitt sér að breytingum á 1. félagaákvæðinu um upplýsingaskyldu félaga, væntanlegum breytingum á 2. félagaákvæðinu um varðveislu eigin fjár og breytingar á eiginfjárstöðunni, 10. félagaákvæðinu um samruna yfir landamæri, 13. félagaákvæðinu um yfirtökutilboð, væntanlegu 14. félagaákvæði um flutning milli landa og síðast en ekki síst aðlögun að SCE-tilskipuninni (um evrópsk samvinnufélög). Auk þessa hefur samhæfing við SE-tilskipunina (Evrópufélagið) verið rædd. Starfshópurinn getur enn fremur fjallað um innleiðingu reglna í tilmælum, þ.m.t. fyrirbyggjandi tilmæli um stjórnendalaun og sjálfstæði með hliðsjón af *corporate governance*.

Samræming eftirlits með mælitækjum á Norðurlöndum

Í hverju landi Norðurlanda eru t.a.m. gerðar sérstakar kröfur um löggildingu, stillingar og prófanir á mælitækjum. Mælitæki sem mæla þyngd, rafmagnsnotkun, gasnotkun, vatnsnotkun o.s.frv. eru framleidd í stórum stíl á Norðurlöndum. Því er mikilvægt að samhæfa reglurnar á Norðurlöndum að þessu leyti. Starfshópi á vegum norrænu viðskiptaráðherranna hefur



verið falin aðlögun að mælitækjatilskipun Evrópusambandsins (MID), sem ráðherrarnir vilja að mið sé tekið af, ásamt því að reyna að samhæfa þau svið sem löndunum er frjálst að ráðstafa sjálfum.

ÁRANGUR

Norræna embættismannanefndin um lögmælifræði annast norræna samræmingu á innleiðingu mælitækjatilskipunar ESB. Nefndin hefur haldið marga fundi. Samanburðargreining hefur farið fram á reglunum sem bendir til að samhæfing sé möguleg á ýmsum sviðum. Stefnt er að því að endanlegar reglur séu tilbúnar árið 2006.

Landamærahindranir í atvinnulífinu

Árið 2003 létu viðskiptaráðherrar Norðurlanda kanna hvaða landamærahindranir væru atvinnulífinu fjötur um fót. Afraksturinn varð yfirlit, sem Norræna nýsköpunarmiðstöðin gaf út, „Landamærahindranir í norrænu atvinnulífi“. Í þeirri samantekt er að finna fjölda dæma um raunverulega tálma. Þeir voru aftur á móti ekki á ábyrgðarsviði norrænu viðskiptaráðherranna og þess vegna beindi ég tillögum mínum að lausnum til viðkomandi ráðherra í Danmörku sem gegndu formennsku í Norrænu ráðherranefndinni.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram árið 2005:

Sameiginlegar norrænar kröfur um merkingar á sviði lyfja

Norræna nýsköpunarmiðstöðin komst að því að í hverju ríki Norðurlanda væru sérstök lyfjafirvöld og matvælaeftirlit og að viðurkenning þeirra á vöru giltu ekki í öðrum norrænum ríkjum. Markmiðið hlýtur að vera að samræma norrænar viðurkenningar- og merkingarreglur.

ÁRANGUR


Evrópuréttur hefur mikla þýðingu þar sem gæði og öryggi lyfja fara að miklu leyti eftir ESB-reglum sem nú þegar er fylgt í Evrópusambandsríkjunum og einnig Noregi og Íslandi vegna EES-samningsins. Af þeirri ástæðu þótti heppilegast að undirbúningur á áframhaldandi samræmingu á kröfum um viðurkenningu og markaðssetningu á lyfjum færi fram innan ramma ESB-samstarfsins á sama sviði.

Samnorrænar reglur um merki fyrir lífræna ræktun

Í yfirlitinu um landamærahindranir í atvinnulífinu var bent á að óheppilegt væri fyrir bæði neytendur og framleiðendur að valfrjálsar merkingar á lífrænni ræktun (Ø-merkið í Danmörku, KRAV-merkið í Svíþjóð) væru ekki alls staðar eins á Norðurlöndum. Enn fremur var talið að samræmd norræn vottun gerði merkið þyngra á metunum og leiddi þannig til aukins útflutnings. Með það í huga lagði ég til að sett yrði á fót embættismannanefnd sem yrði falið að skoða þetta mál nánar ásamt því að skrá merkja- og vottunarreglur á Norðurlöndum – og í framhaldi af því velta fyrir sér samnorrænum reglum um merkingar eða gagnkvæma viðurkenningu á vottunarreglum landanna.

ÁRANGUR

Ráðist var í norrænt-baltneskt markaðsverkefni í því skyni að kortleggja lausnir á vandamálum sem norrænir og baltneskir útflytjendur glíma við í tengslum við útflutning til annarra norrænna eða baltneskra landa. Öll norrænu ríkin og Eystrasaltsríkin tóku þátt. Verkefninu var lokið í júní 2005 með skýrslu þar sem m.a. er bent á eftirfarandi möguleika á að eyða þeim tálum sem útflytjendur telja að hamli viðskiptum þeirra: 1) Stofnun sameiginlegs upplýsingakerfis um reglur og vottunarferli, og 2) jafnhliða kynning á ESB-merkjum og innlendum merkjum. Ekki er talið að hugmyndin um samnorrænt merki fyrir lífræna ræktun leysi þann vanda sem stafar af viðskiptahindrunum á sífellt stærri fjölbjóðlegum markaði fyrir lífrænt ræktuð matvæli. Aftur á móti er talið að samevrópskt merki fyrir lífræna ræktun greiði fyrir



útflutningi á ESB-markaðinn og einnig á norræna/baltneska matvæla-markaðinn.

Könnun á möguleikum á samnorrænum markaði fyrir opinber innkaup

Allt of fá norræn fyrirtæki gera tilboð í opinber innkaup á Norðurlöndum og þess vegna lagði ég til að við færum í saumana á ástæðunum fyrir lítilli samkeppni á tilboðsmarkaði. Forysta Danmerkur, í krafti efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, lagðist hins vegar gegn tillögunni um samnorrænan tilboðsmarkað um opinber innkaup af þeirri ástæðu að alger uppstokkun hefði átt sér stað innan ESB á reglum sambandsins um útboð. Auk þess sé þegar til evrópskt útboðsnet sem á að vera vettvangur til að miðla upplýsingum um reynslu og hvernig ágreiningur hafi verið settur niður um mál sem varða samskipti yfir landamæri. Öll ríki Norðurlanda eiga aðild að útboðsnetinu. Norrænu útboðsaðilarnir hafa þar að auki með sér náð og reglulegt samstarf en þeir hittast einu sinni til tvisvar á ári og ræða aðkallandi álitamál og þróun útboðsmarkaðarins.

ÁRANGUR

Með því að þegar er til evrópskt útboðsnet sem öll norrænu löndin taka þátt í þykir ekki þjóna tilgangi að finna sérnorræna lausn á þessu sviði.

Flutningur taps og hagnaðar fyrirtækja milli norrænna landa

Möguleikar á flutningi hagnaðar eða taps af fyrirtækjum frá einu norrænu landi til annars eru svo að segja engir eins og sakir standa. Fjármálaráð-

herrarnir hafa farið yfir málið og þeir sjá engan grundvöll fyrir því að setja reglur á norrænum vettvangi um flutning taps eða hagnaðar yfir norrænu landamærin. Auk þess hafa viðskiptaráðherrar Norðurlanda ákveðið að bíða eftir lausn á evrópskum vettvangi áður en þeir taka afstöðu til þess að hefja norrænt samstarf um málið.

ÁRANGUR

Ekki er að vænta sérstakra norrænna reglna um flutning hagnaðar eða taps. Aftur á móti verður fjallað um þetta álitamál í tengslum við samnorræna lögfestingu á ESB-tilskipunum í fyllingu tímans.

Afnema verður endurskoðunarskyldu á litlum fyrirtækjum

Endurskoðunarskylda hvílir á litlum fyrirtækjum á Norðurlöndum andstætt sambærilegum fyrirtækjum í öðrum Evrópulöndum. Af þessu hlýst vitanlega verulegur kostnaður – í Danmörku um 1,4 milljarðar danskra króna árlega (tæpir 14 milljarðar íslenskra króna). Um er að ræða lítil fyrirtæki (B-virksomheder), þ.e.a.s. fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn, reikningsjöfnuð að hámarki 29 milljónir (sem svarar til um það bil 290 milljóna íslenskra króna) og nettóveltu undir 58 milljónum danskra króna (580 milljónum ÍKR). Draga á úr endurskoðunarskyldunni á litlum fyrirtækjum í samræmi við almennar reglur í hinum ESB-löndunum. Ég lagði þess vegna til við danska forystu Norrænu ráðherranefndarinnar að taka á dagskrá tillögu að afnámi endurskoðunarskyldu á litlum fyrirtækjum.

ÁRANGUR

Ráðstafanir á norrænum vettvangi bíða í augnablikinu viðbragða í flestum nor-



rænu löndunum, ekki síst í Danmörku og Svíþjóð þar sem undirbúningur að því að einfalda reglurnar og létta byrðar af stjórnkerfinu njóta forgangs.

Samnorrænn markaður og gæðastaðlar brunavarnar- og skyndihjálparbúnaðar Sem stendur eru staðlar fyrir bruna- varnar- og skyndihjálparbúnaði ekki samræmdir á Norðurlöndum. Ég hef þess vegna lagt til að myndaður verði sameiginlegur markaður og samræmdir staðlar einmitt á þessu sviði.

ÁRANGUR

Tillagan hefur verið lögð fyrir forystu Norrænu ráðherranefndarinnar, sem er í höndum Dana, og viðbragða við henni er að vænta og kallar í upphafi á þverfaglega skoðun hinnar dönsku formennsku.



Við þurfum að forðast hindranir á sviði matvæla og dýralækninga

Matvælaframleiðendur segjast oft rekast á landamærahindranir og einkum í sambandi við verslun milli norrænna landa. Raunverulegt umfang slíkra landamærahindrana hefur hins vegar ekki verið ljóst fram að þessu. Á sviði matvæla og dýralækninga er hafin kortlagning í hverju landi fyrir sig þar sem innlend aðildarsamtök eru spurð hvaða landamærahindranir trufli viðskipti milli norrænu landanna og hvað samtökin telji æskilegt að fjallað verði um á norrænum vettvangi.

ÁRANGUR

Umfangsmikil og vel skipulögð vinna hefur farið fram um að skilgreina einstaka tálma í tengslum við matvælavíðskipti á Norðurlöndum. Með hliðsjón af rannsókninni má fullyrða að í raun og veru séu vandamál vegna landamærahindrana innan Norðurlanda á sviði matvæla og dýralækninga mjög fá. Ástæðan er að hluta til sú að matvælalöggjöfin er að mjög miklu leyti samræmd á ESB/EES-svæðinu og að hluta til sú að embættismannanefndirnar fyrir matvæli og hin og þessi tengslanet á Norðurlöndum hafa nú þegar með sér samstarf um nýja löggjöf. Auk þess liggja fyrir tilkynningarreglur af hálfu ESB um setningu nýrra laga um matvæli og dýralækningar. Það gleður mig að geta sagt að norrænu löndin stefna eins og kostur er að því að koma í veg fyrir landamærahindranir með samstarfi sínu á sviði matvælaframleiðslu.

Svæðisbundnar landamærahindranir

Auðveldara er að hafa gæludýr meðferðis á ferðum til Borgundarhólms gegnum Svíþjóð

Ferðamenn til og frá Borgundarhólmi með viðkomu í Svíþjóð hafa átt erfitt með að ferðast með gæludýr sín. Umfangsmiklar samningaviðræður milli stjórnvalda í Danmörku og Svíþjóð hafa skilað jákvæðri niðurstöðu. Markmiðið var að fella inn í þann samning sem fyrir lá um ferðir til Borgundarhólms gegnum Svíþjóð heimild til að hafa gæludýr meðferðis, ekki aðeins eins og hingað til þegar ferðast er með fólksbifreið heldur einnig þegar ferðast er með langferðabíl eða lest. Þessum árangri hefur nú verið náð og þar að auki hefur þjónusta við almenning verið bætt með því að ferðamenn geta fyllt í nauðsynleg eyðublöð á Netinu sem auðveldar ferlið.

ÁRANGUR

Sænsk stjórnvöld hafa fallist á að ferðamenn á leið gegnum landið með gæludýr sín meðferðis geti ferðast með langferðabíl og lest en ekki aðeins fólksbifreið eins og fram að þessu. Upplýsingar um reglurnar er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar Danmerkur. Nýju sænsku reglurnar tóku gildi 15. júní 2005.

Ferðir gegnum Svíþjóð með skotveiði- og keppnisvopn hafa verið auðveldaðar

Eins og stendur geta ferðamenn til og frá Borgundarhólmi gegnum Svíþjóð því aðeins tekið með sér skotveiði- og keppnisvopn að þeir hafi aflað sér sérstaks leyfis til þess hjá sænskum stjórnvöldum. Markmiðið er að koma á skipulagi sem gerir leyfi Svía um þess háttar flutning vopna óþarft. Gert er

ráð fyrir að svo verði frá og með vorinu 2006 þar sem búist er við að lagabreyting verði samþykkt í Svíþjóð snemma á næsta ári.

ÁRANGUR

Viðunandi niðurstaða fæst ekki án lagabreytingar í Svíþjóð sem heimilar að vopn séu flutt gegnum Svíþjóð án þess að sérstakt leyfi sé gefið út. Við væntum jákvæðrar niðurstöðu vorið 2006.

Nýjar reglur um lengd tengivagna


Miðað er við mismunandi lengdir á tengivögnum aftan í vöruflutningabílum á Norðurlöndum. Á sérstaklega völdum, afburða akvegum í Svíþjóð og Finnlandi er hámarks lengd 25,5 m en í Danmörku 18,75 m. Verði reglunum í Danmörku um lengd tengivagna breytt til samræmis við sænsku og finnsku reglurnar greiðir það götu umferðar og samkeppni innan Norðurlanda. Norðmenn hafa tilkynnt að þeir vilji ekki samræma hámarks lengdir á tengivögnum aftan í vöruflutningabílum.

ÁRANGUR

Árið 2005 verður væntanlega gerð takmörkuð tilraun í Danmörku á völdum vegarkafra frá Kastrup Cargo Center til Svíþjóðar. Þá er í athugun að tengja ferjulægi Svíþjóðarferjanna tilrauninni.

Tollafgreiðsla á landamærum Svíþjóðar og Noregs verður einfölduð

Ýmis vandamál hafa komið upp á landamærum Svíþjóðar og Noregs í tengslum við tollafgreiðslu og tollheimtu auk gjalda vegna tímabundins innflutnings á vélum. Svíar og Norðmenn hafa lagt mikla vinnu í að leysa þessi vandamál.



Í apríl 2005 var haldin landamæraráðstefna með þátttöku ráðherra, landamæranefnda, upplýsingaþjónustna, sérfræðinga á sviði tolla og virðisauka-skatts og fulltrúa fyrirtækja til að ræða hvernig þessi vandamál yrðu best leyst.

ÁRANGUR

Lausn hefur fundist á ýmsum vandamálum á landamærum Svíþjóðar og Noregs sem auðveldar fyrirtækjum að starfa yfir landamæri. Gjald vegna tíma-bundins innflutnings á vélum verður lækkað. Tollafgreiðslan og tollheimtan á landamærunum hefur verið einfölduð þannig að margt má afgreiða fyrirfram á Netinu. Þetta leysir ýmis vandamál sem atvinnulífið hefur einkum orðið að glíma við.

Tungumálasamstarfið

Við þurfum skýrar reglur um hvenær við getum talað önnur norræn tungumál í samskiptum við stjórnvöld

Við höfum komist að raun um að almennir borgarar og stjórnvöld eru af og til í vafa um hvort þau eigi rétt á að tala sína eigin tungu í samskiptum við stjórnvöld í öðru norrænu ríki. Þetta álitamál hefur enda verið vegið og metið um langt skeið. Í smíðum er lögfræðileg matsgerð þar sem tekin verður afstaða til annars vegar hvort og hins vegar hvernig:

1. Sáttmálanum verði breytt í þeim atriðum sem teljast hafa gengið sér til húðar,
2. sáttmálinn skuli endurskoðaður frá grunni, og
3. sáttmálinn skuli felldur úr gildi og yfirlýsing komi í hans stað sem liður í norrænni tungumálastefnu. Þar að auki á að taka afstöðu til hvort þörf sé á að láta norræna tungumálasáttmálann ná til norræns tákn máls.

ÁRANGUR

Enn er of snemmt að segja til um hver endanleg niðurstaða verður þar sem lokaskýrslu er ekki að vænta fyrr en árið 2006. Eftir það verður ráðist í upplýsingaherferð til að dreifa vitneskju um sáttmálann.

Íslenska nafnahefðin – bætt skilyrði í Svíþjóð og Danmörku

Samkvæmt íslenskri nafnahefð eru börn kennd við föður sinn að viðbættu –dóttir eða –son. Þess eru dæmi að stjórnvöld í öðrum norrænum ríkjum hafi meinað foreldrum að skrá íslensku nöfnin.

ÁRANGUR

Í Svíþjóð var lögum breytt árið 2004 þannig að heimilt varð að nefna börn í samræmi við íslenska nafnahefð. Árið 2005 voru sett ný nafnalög í Danmörku sem einnig veita Íslendingum í Danmörku leyfi til að nefna börn sín eins og íslenskar venjur um nafngiftir gera ráð fyrir.

Hefur þú hugsað þér að flytja, stunda nám eða vinna í öðru Norðurlandi?

Halló Norðurlönd getur verið þér til aðstoðar



norden

Norræna ráðherranefndin

www.HalloNorden.org

Haloo Pohjola!

Halló Norðurlönd!

Hallo Norden!

Hallå Norden!



Norrænt samstarf

Norrænt samstarf er eitt elsta og umfangsmesta svæðasamstarf í heimi. Það nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar og sjálfstjórnarsvæðanna í Færeyjum, á Grænlandi og á Álandseyjum. Norrænt samstarf eflir samkennd norrænu þjóðanna og tekur mið af því sem er líkt og ólíkt með þeim. Samstarfið auðveldar norrænu ríkjunum að halda fram hlut sínum á alþjóðavettvangi og stuðlar að góðri sambúð grannþjóða.

Samstarfinu var komið í fastan farveg á árinu 1952 þegar Norðurlandaráð var stofnað sem samstarfsvettvangur þingmanna og ríkisstjórna. Árið 1962 var Helsinkisamningurinn undirritaður, en hann hefur allar götur síðan verið grundvöllur norræns samstarfs og markað því málefnaleg samstarfssvið. Árið 1971 var Norræna ráðherranefndin stofnuð sem formlegur samstarfsvettvangur norrænu ríkisstjórnanna og landsstjórna sjálfstjórnarsvæðanna, Færeyja, Grænlands og Álandseyja.



norden

Norræna ráðherranefndin

Store Strandstræde 18
DK-1255 København K
www.norden.org

